

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Málad.	11. 22. 01
11. DES. 2018	
Abn	R98 + ...
Málsnr	18110363

Velferðarráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 6.12.2018
Tilvísun: 201811-0181/0.03.02

Umsögn Vinnueftirlitsins um erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember 2018

Vísað er til beiðni ráðuneytisins um umsögn um erindi Reykjavíkurborgar, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitum ráðuneytisins á lögmætti fyrirhuguð ákvörðun borgarinnar um að breyta salernum á tilgreindum vinnustöðum Reykjavíkurborgar á þann hátt að þau séu ókyngreind.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða segir að þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind. Ástæðan fyrir þessari aðgreiningu kemur síðan fram í 2. mgr. ákvæðisins þar sem mismunandi meginreglur gilda um fjölda salerni eftir því hvort þau eru fyrir karlmenn eða kvenmenn. Ástæða þessarar aðgreiningar er einnig til kominn vegna mismundandi þarfa karlamanna og kvenmanna þar sem m.a. er gert ráð fyrir þvagstæði fyrir karlmenn í framangreindu ákvæði. Vakinn er athygli á því að hér er verið að lýsa lágmarkfjölda salerna fyrir starfsmenn. Um aðgang annarra að snyrtiaðstöðu en starfsmanna gildir 3. mgr. 22. gr. reglna nr. 581/1995.

Framangreindar reglur voru seta á sínum tíma m.a. til að innleiða í íslenskan rétt tilskipun 89/654/EBE um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (fyrsta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EB) skv. skuldbindingum Íslands vegna EES samningsins. Samkvæmt lið 18.3 í viðauka I við tilskipunina kemur fram að salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

Vinnueftirlitið telur það brot á 22. gr. reglna nr. 581/1995 að hafa salerni ekki aðgreind fyrir konur og karla á vinnustöðum í samræmi við ákvæðið. Vinnueftirlitið bendir á að ákvæði reglnanna kveða á um lágmarksskilyrði og því er ekkert í reglunum sem kemur í veg fyrir eða hamlar að hægt sé að aðgreina sérstaklega salerni fyrir aðra starfsmenn sem skilgreina kyn sitt með öðrum hætti eða hafa þau salerni ókyngreind að svo miklu leyti sem þeim lágmarksfjölda salerna sé náð sem eiga að vera aðgreind milli kvenna og karlamanna í samræmi við meginreglur 2. mgr. 22. gr. reglna nr. 581/1995. Af framangreindum ástæðum þá telur Vinnueftirlitið að 22. gr. reglna nr. 581/1995 sé í samræmi við ákvæði laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, þar sem ákvæðið felur einungis í sér lágmarkskröfur.

Virðingarfyllt,
fh. Vinnueftirlitsins,


Kristinn Tómasson


Björn Þór Rögnvaldsson